

til greiðsludags og kr. 1.600.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 15. desember 1961.

Nr. 178/1961. **Jón Árnason,**  
**Árni Jónsson**

og

**Björn Jónsson**

gegn

**Útbúi Útvegsbanka Íslands á Akureyri.**

**Dómenndur:**

**hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-  
son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ar-  
mann Snævarr.**

Kærumál. Málskostnaður.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Eftir málavöxtum er rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðiljum málskostnað í héraði, kr. 3500.00, og svo kærumálskostnað.

Sóknaraðiljar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. nóvember 1961 og krafizt þess, að varnaraðilja verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og kærumálskostnað, kr. 2000.00.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur.

Sigurður M. Helgason, settur bæjarfógeti á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

### **Dómsorð:**

Varnaraðili, Útibú Útvegsbanka Íslands á Akureyri, greiði sóknaraðiljum, Jóni Árnasyni, Árna Jónssyni og Birni Jónssyni, málskostnað í héraði, kr. 3500.00, og kærumálskostnað, kr. 2000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Akureyrar 9. nóvember 1961.**

Mál þetta, sem dómtekið var 3. þ. m., var höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni 6. júní s.l., af Júlíusi Jónssyni banka-  
stjóra f. h. Útibús Útvegsbanka Íslands með heimild í skulda-  
bréfi, útgefnu 11/2 1955, gegn Jóni Árnasyni, fyrrverandi banka-  
stjóra, Laufásvegi 71, Reykjavík, Birni Jónssyni verzlunarmanni,  
sama stað, og Árna Jónssyni verkstjóra, sama stað.

Gerir stefnandi þær kröfur, að hinir stefndu verði dæmdir in  
solidum til að greiða honum kr. 12.000.00 ásamt  $11\frac{1}{2}\%$  ársvöxt-  
um af kr. 8.000.00 frá 4. apríl 1960 til 29. desember 1960 og  
 $9\frac{1}{2}\%$  ársvöxtum af sömu upphæð frá 30. desember 1960 til 4.  
apríl 1961 og  $9\frac{1}{2}\%$  ársvöxtum af kr. 12.000.00 frá 4. apríl 1961  
til greiðsludags. Enn fremur krefst hann sér tildæmdan máls-  
kostnað úr hendi stefndu eftir framlögðum reikningi eða mati  
dómara.

Stefndu krefjast sýknu og að þeim verði dæmdur hæfilegur  
málskostnaður úr hendi stefnanda.

Málavexti kveður stefnandi þá, að hinn 11. febrúar 1955 hafi  
hann veitt stefnda veðlán, að upphæð kr. 200.000.00. Til trygg-  
ingar láninu veðsetti stefndi stefnanda húseign sína, Laufásveg  
71 í Reykjavík, með 2. veðrétti og uppfærslurétti. Jafnframt  
tókust stefndu Björn og Árni Jónssynir á hendur sjálfsskuldar-  
ábyrgð á láninu.

Þegar lán þetta, sem sé sjálfsskuldarábyrgðarlán nr. 203, hafi  
verið veitt, hafi vextir af slíkum lánum hjá útibúinu verið 7%  
á ári auk  $\frac{1}{2}\%$  framlengingargjalds af skuldarupphæðinni fram  
yfir fyrstu 3 mánuði.

Gjalddagi lánsins skyldi vera 4. apríl ár hvert, vextir greið-  
ast fyrirfram.

Stefndi virðist hafa greitt vexti reglulega af láninu, eins og  
áskilið var í bréfinu og án alls ágreinings þar til á árinu 1959,  
en þá dregst vaxtagreiðslan úr hömlu til 17. marz 1960, sbr.  
dskj. nr. 5. 4. apríl s. á. greiðir hann vexti, gjaldfallna þann  
dag, og miðar greiðslur sínar enn við  $7\frac{1}{2}\%$  ársvexti, eins og  
áður. En bankaútibúið taldi nú, að vextir af láni þessu væru  
hækkaðir í  $11\frac{1}{2}\%$  á ári, miðað við gjalddaga lánsins 4/4 1960  
og frá og með 29. desember 1960  $9\frac{1}{2}\%$  í ársvexti.

Ber stefnandi það fyrir sig, að með 16. gr. laga nr. 63/1957  
um Landsbanka Íslands, sbr. 33. gr. laga nr. 4/1960, hafi Seðla-  
bankanum verið veitt heimild til að ákveða innláns- og útláns-  
vexti bankanna. Í samræmi við það hafi stjórn Seðlabankans

ákveðið þann 20/2 1961, að útlánsvextir í lánsstofnunum landsins skyldu frá 21/2 1960 vera ekki hærrí en 11% fyrstu 3 mánuðina, en síðan 11½% með framlengingargjaldi, og með sama hætti hafi bankinn ákveðið 28. desember s.l., að framvegis skyldu hliðstæðir vextir vera 9% og 9½%.

Nemur stefnukrafan þeirri upphæð, er nemur mismun vaxtanna frá því, sem þeir voru upphaflega, og því, sem þeir verða samkvæmt framangreindum ákvörðunum Seðlabankans, miðað við gjalddaga 4/4 1960 og 4/4 1961.

Eftir að stefnandi hafði mótttekið vaxtagreiðslur frá stefnda Jóni 1960, skrifaði hann honum 25. apríl s. á., sbr. dskj. nr. 5, og krefur hann um kr. 8.000.00 í viðbót við þá vaxtagreiðslu, er hann hafði innt af hendi 4. apríl s. á., og skírskotaði til framangreindra lagaákvæða um vaxtabreytingu og ákvarðana Seðlabankans samkvæmt þeim svo og til ákvæða skuldabréfsins.

18. marz 1961 skrifaði stefnandi stefnda, sbr. dskj. nr. 7, þar sem stefndi er minntur á gjalddagann 4. apríl og bent á, að vextir séu 9½%, jafnframt því sem gengið er eftir greiðslum á vangreiddum vöxtum frá fyrra ári.

Stefndi hefur andmælt kröfu stefnanda einkum með þeim rökum, að hér hafi verið um fast lán að ræða til 10 ára, þ. e. lánatakandi réði sjálfur, hvenær hann greiddi lánið á þessum 10 árum, og hafi stefnandi því ekki heimild eða skyldu til að breyta vaxtaupphæðinni samkvæmt framangreindum lögum og reglum, meðan lánstíminn sé ekki útrunninn.

Fallast verður á það með stefnda, að sé hér um fast lán að ræða með föstum vöxtum, hafi framangreind lög og reglur Seðlabankans engin áhrif á vextina hér.

Það, sem skera þarf hér úr, er því, hvort þetta hafi verið fast lán með föstum vöxtum eða ekki.

Samkvæmt skuldabréfinu, sbr. dskj. nr. 2, segir svo um lánstímann: „Og lán þetta skuldbind ég mig til að endurborga innan tíu ára“. Aðiljar eru sammála um, að hér hafi verið um svokallað sjálfskuldarábyrgðarlán að ræða eða B-lán og einnig, að við lánveitingu þessa hafi verið vikið frá því algengasta, þannig telja þeir lán þessi að jafnaði til eins árs á lánskjöllum, þótt almennt sé reiknað með þeim til 10 ára og jöfnum árlegum afborgunum í stað þess, að hér er tilgreint, að lánið greiðist innan 10 ára.

Hefur sóknaraðili viðurkennt, að lánveitandi geti eigi krafizt þess, að höfuðstóllinn sé greiddur, nema innan 10 ára frá lán-

töku, nema vanskil verði. Verður með skírskotun til þessa og sjálfs-orðalags skuldabréfsins, eins og að framan er tilvitnað, að telja, að hér sé um fast lán að ræða.

Um vextina segir svo í skuldabréfinu: „Í vexti af láni þessu skuldbind ég mig til að borga 7% — sjö af hundraði — á ári, og eru vextirnir greiddir fyrirfram svo og framlengingargjald af skuldarupphæðinni, fram yfir fyrstu 3 mánuði frá lántökudegi“. Því næst er tekið fram, að ef hann standi eigi í skilum með lánið í gjalddaga, greiði hann 1% í dráttarvexti og vexti með þeirri vaxtahæð, sem bankinn ákveði. Þá segir, að ef lánið verði endurnýjað eða framlengt, þá ráði bankinn hæð vaxta og dráttarvaxta.

Það, sem stefnandi hefur einkum lagt áherzlu á, er, að þetta sé sjálfskuldarábyrgðarlán, en vaxtakjör hafi ætíð verið hin sömu á þeim og víxlum, enda hafi svo verið við stofnun lánsins, þ. á m. teknir  $\frac{1}{2}\%$  hærri vextir eftir 3 fyrstu mánuðina, og vextirnir séu í báðum tilfellum greiddir fyrirfram.

Þá hefur stefnandi lýst því yfir, að lán hafi aldrei verið veitt hjá bankaútibúinu með óbreytanlegum vöxtum. Þá hefur stefnandi haldið því fram, að lánið hafi þegar verið framlengt, enda sé reglan sú, eins og áður er að vikið, að slíkt lán greiðist upp á 10 árum, þótt hann viðurkenni jafnframt, að oft sé vikið frá því.

Einnig sé greinilega tekið fram í skuldabréfinu um framlengingargjald fram yfir fyrstu 3 mánuðina frá lántökudegi og telur, að honum virðist sá skilningur viðurkenndur af stefnda með því að greiða kr. 15.000.00 í ársvexti af 200 þúsund kr., enda séu lánin raunverulega framlengd í hvert skipti sem vaxtagreiðsla fer fram.

Samkvæmt þessu telur stefnandi sig hafa getað hækkað vextina samkvæmt þeim orðum skuldabréfsins, sbr. að framan tilvitnuð orð.

Varnaraðili hefur hins vegar haldið því fram, að hér sé um fast lán að ræða til tíu ára, eins og áður greinir, og ráði hann algerlega, hvenær hann greiði lánið á samningstímanum, og jafnframt séu vextirnir fastákveðnir fyrir sama tímabil, nema um vanskil séð að ræða, enda hafi ekki verið um neitt annað samið en sem í skuldabréfinu greinir. Varðandi atríðið um endurnýjun eða framlengingu, heldur stefndi því fram, að um slíkt geti eigi verið að ræða fyrr en að 10 ára samningstímanum liðnum, þ. e. 11. febrúar 1965.

Eins og að framan er að vikið, verður að telja, að hér sé um

fast lán að ræða til 10 ára, enda bendir það til þess, auk orðalagsins sjálfs, að telja má upplýst, að stefndi hafi aldrei verið krafinn um afborganir af láninu, enda stendur það óbreytt enn frá upphafi, og verður að fallast á það með stefnda, að eigi sé um endurnýjun að ræða samkvæmt skuldabréfinu.

Hins vegar verður það að teljast ólíklegt, að bankaútibúið hafi einnig ætlað að ívilna stefnda, hvað vaxtagreiðslur snerti, umfram aðra viðskiptamenn bankans með svipuð lán. Hins vegar er og viðurkennt, að þar er brugðið frá venju um sum atriði, svo sem lánstíma og búsetu lántakanda, og geti það bent til, að ætlunin hafi verið að breyta út frá venju einnig um vaxtaskilmála. Þegar þetta er haft í huga jafnframt sjálfu orðalagi skuldabréfsins um vextina, þykir ekki vera hægt að taka kröfu stefnanda til greina á þeim forsendum, að lánið væri endurnýjað árlega við hverja vaxtagreiðslu.

Eigi þykir stefnandi heldur hafa öðlazzt rétt til að hækka vextina vegna vanskila á láninu, þótt nokkur dráttur yrði á greiðslu vaxta gjaldfallinna 4/4 1959, þar sem láninu er ekki sagt upp og stefnandi gerir engan slíkan fyrirvara, þegar hann kvittar fyrir greiðslurnar, sbr. dskj. nr.5.

Ekki verður heldur fallizt á þau rök stefnanda, að þáverandi forsvarsmáður stefnanda hafi farið út fyrir umboð sitt með lánskilmálunum, eins og stefndi skilur þá, þar sem telja verður, að lántakandi hafi mátt treysta því, að hann hefði umboð til þess.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið sagt, þykir verða að sýkna stefndu af kröfum stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

#### Dómsorð:

Stefndu, Jón Árnason, Björn Jónsson og Árni Jónsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Útvegsbanka Íslands, útibúsins á Akureyri, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

---